

FINSMAKARE

IS



Design and Quality
IKEA of Sweden



ÍSLENSKA

Á öftustu síðu þessarar handbók er skrá yfir alla veitendur eftirsöluþjónustu sem útnefndir hafa verið af IKEA og viðeigandi símanúmer í hverju landi.

ÍSLENSKA

4

Efnisyfirlit

| | | | |
|----------------------|----|--------------------|----|
| Öryggisupplýsingar | 4 | Viðbótarstillingar | 21 |
| Öryggisleiðbeiningar | 6 | Góð ráð | 23 |
| Innsetning | 9 | Umhirða og þrif | 27 |
| Vörulýsing | 10 | Bilanaleit | 32 |
| Stjórnborð | 10 | Tæknigögn | 34 |
| Fyrir fyrstu notkun | 12 | Orkunýtni | 34 |
| Dagleg notkun | 13 | Umhverfismál | 35 |
| Tímastillingar | 18 | IKEA-ÁBYRGÐ | 36 |
| Sjálfvirk ferli | 19 | | |
| Að nota fylgihluti | 19 | | |

Með fyrirvara á breytingum.

Öryggisupplýsingar

Fyrir uppsetningu og notkun heimilistækisins skal lesa meðfylgjandi leiðbeiningar vandlega. Framleiðandinn er ekki ábyrgur fyrir tjóni ef röng uppsetning eða notkun veldur meiðslum og skemmdum. Alltaf skal geyma leiðbeiningarnar með tækinu til síðari notkunar.

Öryggi barna og viðkvæmra einstaklinga

- Börn, 8 ára og eldri og fólk með minnkaða líkamlega-, skyn- eða andlega getu, eða sem skortir reynslu og þekkingu, mega nota þetta tæki, ef þau eru undir eftirliti eða hafa verið veittar leiðbeiningar varðandi örugga notkun tækisins og ef þau skilja hættuna sem því fylgir. Halda skal börnum yngri en 8 ára gömlum og fólk með mjög miklar og flóknar fatlanir frá heimilistækinu, nema þau séu undir stöðugu eftirliti.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki með heimilistækið.
- Haltu öllum umbúðum frá börnum og fargaðu þeim á viðeigandi hátt.

- VIÐVÖRUN: Heimilistækið og aðgengilegir hlutar þess hitna meðan á notkun stendur. Haltu börnum og gæludýrum fjarri heimilistækinu þegar það er í notkun og þegar það kólnar.
- Ef heimilistækið er með barnalæsingu ætti hún að vera virkjuð.
- Börn eiga ekki að hreinsa eða framkvæma notandaviðhald á heimilistækinu án eftirlits.

Almennt öryggi

- Einungis til þess hæfur aðili getur sett upp þetta heimilistæki og skipt um snúruna.
- VIÐVÖRUN: Heimilistækið og aðgengilegir hlutar þess hitna meðan á notkun stendur. Auðsýna ætti aðgát til að forðast að snerta hitaelementin.
- Notaðu alltaf hanska við að taka úr og setja í aukahluti eða eldföst matarílát.
- Áður en eitthvað viðhald hefst skal taka heimilistækið úr sambandi.
- VIÐVÖRUN: Tryggðu að slökkt sé á heimilistækinu áður en þú skiptir um ljósið til að forðast möguleika á raflosti.
- Ekki má nota heimilistækið fyrr en innbyggða virkið hefur verið uppsett.
- Notaðu ekki gufuhreinsibúnað til að hreinsa heimilistækið.
- Notaðu ekki sterk tærandi hreinsiefni eða beittar málmsköfur til að hreinsa glerhurðina þar sem slíkt getur rispað yfirborðið, sem getur aftur leitt til þess að glerið brotnar.
- Ef rafmagnssnúra er skemmd verður framleiðandi, viðurkennd þjónustumiðstöð, eða svipað hæfur aðili að endurnýja hana til að forðast hættu vegna rafmagns.
- Fyrir hitahreinsun skaltu fjarlægja alla aukahluti og allt sem er inni í ofninum.

- Til þess að taka hillustuðninginn úr skal fyrst toga í framhluta hillustuðningsins og síðan afturhluta hans frá hliðarveggjunum. Komdu hilluberunum fyrir í öfugri röð.
- Notaðu aðeins þann matarmæli (kjöthitamæli) sem ráðlagður er fyrir þetta heimilistæki.

Öryggisleiðbeiningar

Uppsetning

⚠ AÐVÖRUN! Einungis löggildur aðili má setja upp þetta heimilistæki.

- Fjarlægðu allar umbúðir.
- Ekki skal setja upp eða nota skemmt heimilistæki.
- Fylgdu leiðbeiningum um uppsetningu sem fylgja með heimilistækinu.
- Alltaf skal sýna aðgát þegar heimilistækið er fært vegna þess að það er þungt. Notaðu alltaf öryggishanska og lokaðan skóbúnað.
- Dragðu heimilistækið ekki á handfanginu.
- Settu heimilistækið upp á öruggum og hentugum stað sem uppfyllir uppsetningarkröfur.
- Haltu lágmarksfjarlægð frá öðrum heimilistækjum og einingum.
- Áður en þú setur upp heimilistækið skaltu athuga hvort hurðin opnast án heftingar.

| | |
|---|-----------|
| Breidd heimilistækis að aftan | 559 mm |
| Dýpt heimilistækisins | 569 mm |
| Innbyggð dýpt heimilistækisins | 548 mm |
| Dýpt með opna hurð | 1022 mm |
| Lágmarksstærð loftops. Op er staðsett neðst á bakhlið | 560x20 mm |
| Lengd rafmagnsnúru. Snúra er staðsett í hægra horni bakhliðar | 1500 mm |
| Festiskrúfur | 4x25 mm |

| | |
|--|--------------|
| Lágmarkshæð skáps (Lágmarkshæð skáps undir vinnuborði) | 580 (600) mm |
| Breidd skáps | 560 mm |
| Dýpt skáps | 550 (550) mm |
| Hæð heimilistækis að framan | 589 mm |
| Hæð heimilistækis að aftan | 571 mm |
| Breidd heimilistækis að framan | 595 mm |

Rafmagnstenging

⚠ AÐVÖRUN! Hætta á eldi og raflosti.

- Allar rafmagnstengingar skulu framkvæmdar af viðurkenndum rafvirkja.
- Heimilistækið verður að vera jarðtengt.
- Gakktu úr skugga um að færíbreyturnar á merkiplötunni séu samhæfar við rafmagnsflokkun aðalæðar aflagjafa.
- Notaðu alltaf rétt ísetta innstungu sem ekki veldur raflosti.
- Notaðu ekki fjöltengi eða framlengingarsnúru.
- Gakktu úr skugga um að rafmagnsklóin og snúran verði ekki fyrir skemmdum. Ef skípta þarf um rafmagnssnúru verður

viðurkennd þjónustumiðstöð okkar að sjá um það.

- Ekki láta rafmagnssnúrunar snerta eða koma nálægt hurð heimilistækisins, eða skotið undir heimilistækinu, sérstaklega þegar það er í gangi eða hurðin er heit.
- Vörn lifandi og einangraðra hluta gegn raflosti verður að vera fest þannig að ekki sé hægt að fjarlægja hana án verkfæra.
- Aðeins skal tengja rafmagnsklóna við rafmagnsinnstunguna í lok uppsetningarinnar. Gakktu úr skugga um að rafmagnsklónin sé aðgengileg eftir uppsetningu.
- Ef rafmagnsinnstungan er laus, skal ekki tengja rafmagnsklóna.
- Ekki toga í snúruna til að taka tækið úr sambandi. Taktu alltaf um klóna.
- Notaðu aðeins réttan einangrunarbúnað: Línuvarnarstraumloka, öryggi (öryggi með skrófgangi fjarlægð úr höldunni), lekaliða og spólurofa.
- Rafmagnsuppsetningin verður að vera með einangrunarbúnað sem gerir þér kleift að rjúfa straum til heimilistækisins frá innstungum við alla póla. Einangrunarbúnaðurinn verður að vera með tengjaop sem er að lágmarki 3 mm á breidd.
- Lokaðu alveg hurð heimilistækisins áður en þú tengir rafmagnsklóna við innstunguna.

Notkun



ADVÖRUN! Hætta á meiðslum, bruna og raflosti eða sprengingu.

- Breytið ekki forskrift tækisins.
- Gangið úr skugga um að loftræstiop séu ekki stífluð.
- Látið heimilistækið ekki vera án eftirlits á meðan það er í gangi.
- Slökkvið á heimilistækinu eftir hverja notkun.
- Farið varlega þegar hurð heimilistækisins er opnuð á meðan það er í gangi. Heitt loft getur losnað út.
- Notið ekki heimilistækið með blautar hendur eða þegar það er í snertingu við vatn.

- Beitið ekki þrýstingi á opna hurð.
- Notið ekki heimilistækið sem vinnuvæði eða geymslusvæði.
- Opnið hurð heimilistækisins varlega. Notkun efna sem innihalda áfengi getur valdið blöndu af áfengi og lofti.
- Láttu ekki neista eða opinn eld komast í snertingu við heimilistækið þegar þú opnar hurðina.
- Setjið ekki eldfim efni eða hluti bleytta með eldfimum efnum í, nálægt, eða á heimilistækið.



ADVÖRUN! Hætta á skemmdum á heimilistækinu.

- Til að koma í veg fyrir skemmdir eða aflitun á gljáhúðinni:
 - setjið ekki ofnáhöld eða aðra hluti beint á botn heimilistækisins.
 - setjið ekki álpappír beint á botn heimilistækisins.
 - setjið ekki vatn beint inn í heitt heimilistækið.
 - látið ekki raka rétti og rök matvæli vera inni í heimilistækinu eftir að matreiðslu er lokið.
 - farið varlega þegar aukahlutir eru fjarlægðir eða settir upp.
- Aflitun á glerungnum eða ryðfríu stáli hefur engin áhrif á getu eða frammistöðu heimilistækisins.
- Notið djúpa skúffu fyrir rakar kökur. Ávaxtasafi veldur blettum sem geta verið varanlegir.
- Alltaf skal elda með hurð heimilistækisins lokaða.
- Ef heimilistækið er uppsett bak við innréttingarplötu (t.d. hurð) þá þarf að ganga úr skugga um að hurðin sé aldrei lokuð þegar tækið er í notkun. Hiti og raki geta safnast upp bak við lokaða innréttingarplötu og leitt til skemmda á tækinu, ytra byrði tækisins eða gólfi. Því skal ekki loka innréttingarplötunni fyrr en tækið hefur náð að kólna að fullu eftir notkun.

Eldað við gufu

⚠️ AÐVÖRUN! Hætta á bruna og skemmdum á heimilistækinu.

- Gufa sem sleppur út getur valdið brunasárum:
 - Ekki opna hurðina á heimilistækinu á meðan eldað er með gufu.
 - Opnaðu hurðina á tækinu varlega þegar eldað hefur verið með gufu.

Umhirða og hreinsun

⚠️ AÐVÖRUN! Hætta á meiðslum, eldsvoða eða skemmdum á heimilistækinu.

- Áður en viðhald fer fram skal slökkva á heimilistækinu og aftengja rafmagnsklóna frá rafmagnsinnstungunni.
- Gættu þess að heimilistækið sé kalt. Hætta er á að glerplöturnar brotni.
- Endurnýjaðu glerplöturnar í ofnhurðinni strax þegar þær skemmast. Hafðu samband við viðurkenna þjónustumiðstöð.
- Vertu varkár þegar þú tekur hurðina af heimilistækinu. Hurðin er þung!
- Hreinsaðu heimilistækið reglulega til að yfirborðsefnin á því endist betur.
- Fitu- og matarleifar sem eftir eru í heimilistækinu geta valdið eldsvoða.
- Ef þú notar ofnhreinsi skaltu hlýða öryggisleiðbeiningunum á umbúðunum.

Hreinsun með eldglæðingu

⚠️ AÐVÖRUN! Hætta á meiðslum / eldsvoða / uppgufun efna (gufu) meðan á eldglæðingu stendur.

- Meðan á eldglæðingu stendur losnar um gufur sem eru ekki skaðlegar mönnum, þ.m.t. ungabörnum og fólki með undirliggjandi sjúkdóma.
- Ólíkt mönnum geta sumir fuglar og skriðdýr verið mjög viðkvæm fyrir gufum sem hugsanlega losna við hreinsunarferli allra ofna sem búnir eru eldglæðingu. Lítil gæludýr geta einnig verið mjög viðkvæm

fyrir staðbundnum hitabreytingum í námunda við ofna með eldglæðingu meðan á hreinsunarferli með eldglæðingu stendur yfir.

- Áður en sjálfshreinsunarferli með eldglæðingu er sett í gang eða fyrsta notkun skaltu fjarlægja eftirfarandi úr holrými ofnsins:
 - Allar matarleifar, dreggjjar, olíu eða feiti sem lekið hefur niður.
 - Alla hluti sem hægt er að losa (þ.m.t. plötur, plötubera í hliðum / framlengda plötubera o.s.frv. sem fylgja vörunni) sérstaklega alla viðloðunarfría potta, pönnur, bakka, áhöld o.s.frv.
- Viðloðunarfrítt yfirborð á pottum, pönnum, bökkum, áhöldum o.s.frv. geta orðið fyrir skemmdum vegna mikils hita við eldglæðingu í öllum ofnum sem búnir eru eldglæðingu og geta líka gefið frá sér lítillaga skaðlegar gufur.
- Lestu leiðbeiningar fyrir eldglæðingu vandlega.
- Haldið börnum frá heimilistækinu þegar hreinsun með eldglæðingu stendur yfir. Heimilistækið verður mjög heitt og berst heitt loft úr loftopum að framan.
- Hreinsun með eldglæðingu og fyrsta notkun með hámarkshita fela í sér notkun með háum hita sem getur losað gufur frá leyfum eftir eldun og byggingarefni og er því sterkt mælt með fyrir notendur að:
 - Tryggja góða loftræstingu meðan á hreinsun með eldglæðingu stendur og eftir hana.
 - Tryggja góða loftræstingu meðan á fyrstu notkun með hámarkshita stendur og eftir hana.
- Tryggja að gæludýr (sérstaklega fuglar) séu hafðir eins langt frá heimilistækinu og mögulegt er meðan á hreinsun með eldglæðingu og fyrstu notkun með hámarkshita stendur og eftir það. Æskilegt væri að hafa þau í öðru rými meðan á eldglæðingu stendur og þangað til heimilistækið hefur kólnað niður í stofuhita. Tryggja verður góða loftræstingu á meðan og eftir hreinsun með eldglæðingu og fyrstu notkun með

hámarkshita (þangað til heimilistækið hefur kólnað).

Innri lýsing

⚠ AÐVÖRUN! Hætta á raflosti.

- Varðandi ljósinn í þessari vöru og ljós sem varahluti sem seld eru sérstaklega: Þessi ljós eru ætluð að standast öfgakenndar aðstæður í heimilistækjum eins og hitastig, titring, raka eða til að senda upplýsingar um rekstrarstöðu tækisins. Þau eru ekki ætluð til að nota í öðrum tækjum og henta ekki sem lýsing í herbergjum heimila.
- Þessi vara inniheldur ljósgjafa í orkunýtniflokki G.
- Notaðu aðeins ljós með sömu tæknilýsingu.

Þjónusta

- Hafðu samband við viðurkennda þjónustumiðstöð til að gera við heimilistækið.

- Notaðu eingöngu upprunalega varahluti.

Förgun

⚠ AÐVÖRUN! Hætta á meiðslum eða köfnun.

- Aftengdu tækið frá rafmagni.
- Klipptu rafmagnssnúruna af upp við heimilistækið og fargaðu henni.
- Fjarlægðu hurðina til að koma í veg fyrir að börn eða dýr geti lokast inni í tækinu.
- **Umbúðæfni:** Umbúðæfnið er endurvinnanlegt. Plasthlutar eru merktir með alþjóðlegum skammstöfunum t.d. PE PS o.s.frv. Fargaðu umbúðæfninu í til þess ætluðum gámum á sorpförgunarstöðinni á staðnum.

Innsetning

⚠ AÐVÖRUN! Sjá kafla um Öryggismál.

Samsetning

i Farðu eftir samsetningarleiðbeiningunum við uppsetningu.

Rafmagnsuppsetning

⚠ AÐVÖRUN! Aðeins viðurkenndur einstaklingur má sjá um raflagnavinnuna.

i Framleiðandinn er ekki ábyrgur ef þú fylgir ekki öryggisvarúðarráðstöfununum í öryggisköflunum.

Þessi ofn er aðeins afhentur með rafmagnssnúru.

Kapall

Kapaltegundir sem viðeigandi eru fyrir uppsetningu eða endurnýjun:

H07 RN-F, H05 RN-F, H05 RRF, H05 VV-F, H05 V2V2-F (T90), H05 BB-F


Fyrir þversnið kapalsins vísast til heildarafls á merkiplötunni. Þú getur einnig vísað til töflunnar:

| Heildarafl (W) | Þversnið kapals (mm ²) |
|-----------------|------------------------------------|
| að hámarki 1380 | 3 x 0.75 |
| að hámarki 2300 | 3 x 1 |
| að hámarki 3680 | 3 x 1.5 |

Jarðstrengurinn (grænn / gulur kapall) verður að vera 2 cm lengri en fasinn og núllkapallinn (bláir og brúnir kaplar).

Vörulýsing

Almennt yfirlit



- 1 Stjórnborð
- 2 Rafrænn forritari
- 3 Vatnsskúffa
- 4 Innstunga fyrir kjöthitamælinn
- 5 Grill
- 6 Ljós
- 7 Vifta
- 8 Hilluberi, laus
- 9 Tæmirör
- 10 Loki vatnsúttaks
- 11 Merkiplata
- 12 Hillustöður
- 13 Inntak gufu


Fylgihlutir

- **Vírhilla** x 2
Fyrir eldunaráhöld, kökuform, steikur.
- **Bökunarplata** x 1
Fyrir kökur og smákökur.
- **Grill- / steikingarskúffa** x 1
Til að baka og steikja eða sem panna til að safna feiti.

- **Kjöthitamæli** x 1
Til að mæla hversu vel eldaður maturinn er.
- **Útdraganlegar rennur** x 2 sett
Fyrir hillur og plötur.

Stjórnborð


Rafrænn forritari



Notaðu skynjarafletina til að stjórna ofninum.

| | Skynjar-afliötur | Aðgerð | Lýsing |
|---|------------------|---|--|
| 1 | - | Skjár | Sýnir núverandi stillingar ofnsins. |
| 2 | | KVEIKJA/SLÖKKVA | Til að kveikja og slökkva á ofninum. |
| 3 | OK | Í lagi og skutla | Til að staðfesta valið eða stillinguna. Snúðu skutlunni til að fletta. |
| 4 | | Til baka-takki | Til að fara eitt stig til baka í valmyndinni. Ýttu í 3 sekúndur til að sýna aðalvalmyndina. |
| 5 | | Tími og viðbótaraðgerðir | Að stilla mismunandi aðgerðir. Þegar hitunaraðgerð er í gangi skaltu ýta á skynjarafliötinn til að stilla tímastillinn eða aðgerðirnar Aðgerðarlás, Uppáhalds, Hita + halda og Stilla + Af stað. Þú getur einnig breytt stillingum kjöthitamælisins. |
| 6 | 3sec | Upphitunaraðgerðir eða Eldað með aðstoð | Ýttu einu sinni til að fara í valmyndina Upphitunaraðgerðir. Ýttu aftur til að skipta í Eldað með aðstoð. Til að gera ljósið virkt eða óvirkt skaltu snerta í 3 sekúndur. |
| 7 | >>3 SEC | Val á hitastigi | Til að stilla hitastigið eða til að sýna núverandi hitastig í ofninum. Ýttu í 3 sekúndur til að kveikja eða slökkva á aðgerðinni Hröð upphitun. |
| 8 | | Mínútumælir | Til að stilla aðgerðina Mínútumælir. |
| 9 | | Uppáhalds | Til að vista og fá aðgang að uppáhalds kerfunum þínum. |











Skjár



- A. Hitunaraðgerð
- B. Tími dags
- C. Upphitunarvísir
- D. Hitastig
- E. Tímalengd eða lokatími aðgerðar

Aðrir vísar á skjánum:

| Tákn | Aðgerð | |
|------|-------------|------------------|
| | Mínútumælir | Aðgerðin vinnur. |

| Tákn | Aðgerð | |
|---|------------------|--|
|  | Tími dags | Skjárinn sýnir núverandi tíma. |
|  | Tímalengd | Skjárinn sýnir nauðsynlegan tíma fyrir eldamennsku. |
|  | Lokatími | Skjárinn sýnir þegar eldunartíma er lokið. |
|  | Hitastig | Skjárinn sýnir hitastigið. |
|  | Merki um tíma | Skjárinn sýnir hversu lengi hitunaraðgerðin vinnur. |
|  | Útreikningur | Ofninn reiknar út tímann fyrir eldamennskuna. |
|  | Upphitunarvísir | Skjárinn sýnir hitastigið í ofninum. |
|  | Hröð upphitun | Aðgerðin vinnur. Hún styttr upphitunartímann. |
|  | Sjálfvirk vigtun | Skjárinn sýnir að sjálfvirka þyngdarkerfið vinnur, eða að hægt sé að breyta þyngd. |
|  | Hita + halda | Aðgerðin vinnur. |

Fyrir fyrstu notkun

 **AÐVÖRUN!** Sjá kafla um Öryggismál.

Fyrsta hreinsun

Fjarlægðu allan aukabúnað og lausa hillubera úr ofninum.

Sjá kaflann „Umhirða og hreinsun“.

Hreinsaðu ofninn og aukabúnaðinn fyrir fyrstu notkun.

Settu aukabúnaðinn og lausu hilluberana aftur í upphaflega stöðu sína.



Fyrsta tenging

Þegar þú tengir ofninn við rafmagn eða eftir rafmagnsleysi, verður þú að stilla tungumálið, birtuskil skjásins, birtustig skjásins og tíma dags.

1. Notaðu skyttuna til að stilla gildin.
2. Ýttu á OK til að staðfesta.

Forhitun

Fyrir fyrstu notkun skaltu forhita ofninn með aðeins vírhillurnar og bökunarplöturnar inni.


1. Stilltu aðgerðina Hefðbundin matreiðsla  og hámarkshitastigið.
2. Láttu ofninn vinna í 1 klukkustund.
3. Stilltu aðgerðina Eldun með hefðbundnum blæstri  og hámarkshitastigið.
4. Láttu ofninn vinna í 15 mínútur. Fylgihlutir geta orðið heitari en venjulega. Ofninn getur gefið frá sér lykt og reykt meðan á forhitun stendur. Gættu þess að loftflæði í herberginu sé nægjanlegt.

Vélræna barnalæsingin notuð

Ofninn er með barnalæsinguna uppsetta. Hún er hægra megin á ofninum, undir stjórnborðinu.


Til að opna ofnhurðina með barnalæsingunni:

1. Togaðu í og haltu barnalæsingarhandfanginu upp eins og sýnt er á myndinni.



2. Opnaðu hurðina. Lokaðu ofnhurðinni án þess að toga í barnalæsinguna.

Til að fjarlægja barnalæsinguna skal opna ofninn og fjarlægja barnalæsinguna með torx-lyklinum. Torx-lykillinn er í fylgihlutapoka ofnsins.



Skrúfaðu skrúfuna aftur inn í gatið þegar þú hefur fjarlægt barnalæsinguna.

⚠ AÐVÖRUN! Gættu þess að rispa ekki stjórnborðið.

Dagleg notkun

⚠ AÐVÖRUN! Sjá kafla um Öryggismál.

Að ferðast á milli valmynda

1. Kveiktu á ofninum.
 2. Notaðu skutluna réttisælis eða rangsælis til að velja valkost úr valmyndinni.
 3. Ýttu á OK til að fara í undirvalmyndina eða samþykkja stillinguna.
- i** Á hverjum stað getur þú farið aftur í aðalvalmynd með ↵.

Valmyndirnar í yfirlitinu

Aðalvalmynd

| Tákn / Valmyndaratriði | Notkun |
|------------------------|--|
| Upphitunaraðgerðir | Inniheldur lista yfir hitunaraðgerðir. |

| Tákn / Valmyndaratriði | Notkun |
|------------------------|--|
| Uppskriftir | Inniheldur lista yfir sjálfvirk kerfi. Finna má uppskriftir fyrir þessi kerfi í uppskriftabókinni. |
| Uppáhalds | Inniheldur lista yfir uppáhaldseldunarkerfi sem notandinn hefur skapað. |
| Hreinsun | Hreinsun með eldglæðingu. |
| Grunnstillingar | Notað til að stilla grunnstillingu heimilis-tækisins. |
| Sérstakt | Inniheldur lista yfir viðbótarhitunaraðgerðir. |







| Tákn / Valmyndaratriði | Notkun |
|------------------------|---|
| Eldað með aðstöð | Inniheldur ráðlagðar ofnstillingar fyrir mikið úrval rétta. Veldu rétt og byrjaðu eldunarferlið. Hitastig og tímar eru aðeins viðmiðunarreglur til að ná betri árangri og má aðlaga. Það fer eftir uppskriftunum og gæðum og magni þess hráefnis sem notað er. Í Uppskriftabókinni finnur þú undirvalmynd fyrir Eldað með aðstöð. |

Undirvalmynd fyrir Grunnstillingar


| Tákn / Valmyndaratriði | Lýsing |
|------------------------|--|
| Stilla tíma dags | Stillir núverandi tíma á klukkunni. |
| Tímavísun | Þegar KVEIKT sýnir skjárinn núverandi tíma þegar þú slekkur á heimilistækini. |
| Hröð upphitun | Þegar KVEIKT minnkar aðgerðin upphitunartímann. |
| Stilla + Af stað | Til að stilla aðgerð og virkja hana seinna með því að ýta á einhvert táknið á stjórnborðinu. |
| Hita + halda | Heldur elduðum mat heitum í 30 mínútur eftir að eldunarlotu lýkur. |
| Tímalenging | Kveikir og slekkur á tímalengingaraðgerðinni. |



| Tákn / Valmyndaratriði | Lýsing |
|-------------------------|--|
| Skjábirtuskil | Stillir birtuskil skjásins smátt og smátt. |
| Skjábirta | Stillir birtustig skjásins smátt og smátt. |
| Stilla tungumál | Stillir tungumálið fyrir skjáinn. |
| Hljóðstyrkur hljóðgjafa | Stillir hljóðstyrk hljóðtóna og hljóðmerkja smátt og smátt. |
| Lykiltónar | Kveikir og slekkur á tóninum fyrir snertifletina. Ekki er mögulegt að slökkva á tóninum fyrir snertiflötinn KVEIKT / SLÖKKT. |
| Hljóðgjafi / villutónar | Kveikir og slekkur á viðvöruntónum. |
| Áminning um hreinsun | Minnir þig á hvenær hreinsa á heimilistæknið. |
| Sýningarstilling | Aðeins til notkunar fyrir smásöluaðila. |
| Þjónusta | Sýnir útgáfu hugbúnaðarins og samskipan. |
| Verksmiðjustillingar | Endursetur allar stillingar á verksmiðjustillingar. |

Upphitunaraðgerðir





| Hitunaraðgerð | Notkun |
|--|--|
|  Eldun með hefðbundnum blæstri | Til að baka á allt að þremur hillustöðum á sama tíma og til að þurrka mat. Stilltu hitastigið 20 - 40°C lægra en fyrir Hefðbundin matreiðsla. |
|  Hefðbundinn blástur + gufa | Til að gufusjóða rétti. Notaðu þessa aðgerð til að minnka eldunartímann og til að halda í vítamínin og næringarefnin í matnum. Veldu aðgerðina og stilltu hitastigið á milli 130°C og 230°C. |
|  Hefðbundin matreiðsla | Til að baka eða steikja mat í einni hillustöðu. |
|  Þítsuaðgerð | Til að baka pítsu. Til að fá meiri brúnun og stökkan botn. Veldu aðgerðina og stilltu hitastigið á milli 130°C og 230°C. |
|  Hægeldun | Til að undirbúa mjúkar, safaríkar steikur. |
|  Undirhiti | Til að baka kökur með stökkuum botni og til að sjóða niður matvæli. |

| Hitunaraðgerð | Notkun |
|--|--|
|  Bökun með rökum blæstri | Þessi aðgerð er hönnuð til að spara orku á meðan eldað er. Til að fá eldunarleiðbeiningar skaltu skoða kaflann „Ábendingar og ráð“, Bökun með rökum blæstri. Ofnhurðin ætti að vera lokað meðan á matreiðslu stendur þannig að aðgerðin verði ekki fyrir truflun og til að tryggja að ofninn virki af mestu mögulegu orkunýtni. Þegar þú notar þessa aðgerð kann hitastigið í rýmínu að vera frábrugðið innstilltu hitastigi. Afgangshitinn er notaður. Hitunarkraftur kann að vera minni. Varðandi almennar ráðleggingar um orkusparnað vísast til kaflans „Orkunýtni“, Orkusparnaður. Þessi aðgerð var notuð til að fylgja orkunýtniflokknum í samræmi við EN 60350-1. Þegar þú notar þessa aðgerð slokknar ljósið sjálfkrafa eftir 30 sekúndur. |
|  Frosin matvæli | Til að gera skyndirétti (t.d. franskar kartöflur, kartöflubáta eða vorrúllur) stökka. |
|  Grill | Til að grilla flöt matvæli og rista brauð. |
|  Flýtigrillun | Til að grilla flöt matvæli í miklu magni og rista brauð. |
|  Blástur-sgrillun | Til að steikja stærri kjötstykki eða kjúklinga með beinum á einni hillustöðu. Til að gera gratín-rétti og til að brúna. |

| Hitunaraðgerð | Notkun |
|---|--|
|  Gufumyndandi | Endurhitun matar með gufu kemur í veg fyrir að yfirborðið þorni. Hita er dreift á varfærinn og jafnan hátt, sem gerir kleift að endurheimta bragð og lykt matarins líkt og þegar hann var búinn til. Hægt er að nota þessa aðgerð til að endurhita mat beint á disk. Þú getur endurhitað fleiri en einn disk á sama tíma með því að nota mismunandi hillustöður. |

| Hitunaraðgerð | Notkun |
|---|--|
|  Halda hita | Til að halda mat heitum. |
|  Affrysta | Til að þíða matvæli (grænmeti og ávexti). Þíðingartíminn fer eftir magni og stærð frosnu matvælananna. Þegar þú notar þessa aðgerð slokknar ljósið sjálfkrafa eftir 30 sekúndur. |

Sérstakt

| Hitunaraðgerð | Notkun |
|---|---|
|  Brauðbakstur | Til að baka brauð. |
|  Gratínera | Fyrir rétti eins og lasagna eða kartöflugratín. Til að gera gratínrétti og til að brúna. |
|  Hefun deigs | Til að hefa gerdeigið áður en bakað er. Þegar þú notar þessa aðgerð slokknar ljósið sjálfkrafa eftir 30 sekúndur. |
|  Upphitun disks | Til að forhita diska áður en borið er fram. |
|  Niðursuða | Til að gera niðursoðið grænmeti (t.d. súrar gúrkur). |
|  Þurrkun | Til að þurrka sneidda ávexti, grænmeti og sveppi. |

Hitunaraðgerð stillt

1. Kveiktu á ofninum.
2. Veldu valmyndina Upphitunaraðgerðir.
3. Ýttu á OK til að staðfesta.
4. Veldu hitunaraðgerð.
5. Ýttu á OK til að staðfesta.
6. Stilltu hitastigið.
7. Ýttu á OK til að staðfesta.

Gufuaðgerð stillt

Lokið á vatnsskúffunni er í stjórnborðinu.



ÁDVÖRUN! Notaðu aðeins kalt kranavatn. Ekki nota síað (steinefnasneytt) eða eimað vatn. Ekki nota aðra vökva. Ekki setja eldfima eða áfenga vökva í vatnsskúffuna.

1. Ýttu á lok vatnsskúffunnar til að opna hana.
2. Fylltu vatnsskúffuna með 900 ml af vatni. Vatnsbirgðirnar eiga að duga í um það bil 55 - 60 mínútur.
3. Ýttu vatnsskúffunni í upphaflega stöðu sína.
4. Kveiktu á ofninum.
5. Stilltu gufuhitunaraðgerð og hitastigið.
6. Ef nauðsyn krefur skaltu stilla aðgerðina Tímalengd |→| eða Lokatími →|.



Þegar gufuketillinn er tómur hljómar merkið.

Hljóðmerkið heyrir við lok eldunartímans.

7. Slökktu á ofninum.
8. Tæmdu vatnstankinn eftir að gufusuðu er lokið. Sjáðu hreinsunaraðgerðina Tankur að tæmast.

⚠️ VARÚÐ! Ofninn er heitur. Hætta er á bruna. Farðu varlega þegar þú tæmir vatnstankinn.

9. Eftir gufusuðu kann gufa að þéttast á botni rýmisins. Þurrkaðu alltafa botn rýmisins þegar ofninn er kaldur. Láttu ofninn þorna að fullu með hurðina opna.

⚠️ AÐVÖRUN! Bíddu í að lágmarki 60 mínútur eftir hverja notkun á gufusuðunni til að koma í veg fyrir að heitt vatn komi út um loka vatnsúttaks.

Vísir fyrir tóman tank

Skjárinn sýnir Þörf á vatni og hljóðmerki heyrir þegar tankurinn er tómur og fylla verður aftur á hann.

Varðandi frekari upplýsingar sjá kaflann „Dagleg notkun“, Gufuaðgerð stillt.

Vísir fyrir fullan tank

Þegar skjárinn sýnir Vatnstankur fullur getur þú notað gufusuðuna.


Hljóðmerki heyrir þegar tankurinn er fullur.

i Ef þú setur of mikið vatn í tankinn færir öryggisúttak umframvatnið niður á botn ofnsins. Fjarlægðu vatnið með svampi eða klút.

Vatnstankurinn tæmdur

⚠️ VARÚÐ! Gakktu úr skugga um að ofninn sé kaldur áður en þú byrjar að tæma vatnstankinn.

1. Undirbúðu tæmirörið (C) sem fylgir með í pakkanum með notandahandbókinni. Settu tengilinn (B) upp á annan enda tæmirörsins.



2. Settu hinn enda tæmirörsins (C) ofan í ílát. Settu hann í lægri stöðu en úttakslokann (A).
3. Opnaðu ofndyrnar og settu tengil (B) inn í úttakslokann (A).
4. Ýttu endurtekið á tengilinn þegar þú tæmir vatnstankinn.

i Það getur verið vatn í vatnstankinum þegar skjárinn sýnir Þörf á vatni. Bíddu þar til vatnsrennslið frá vatnsúttakslokannum stöðvast.

5. Fjarlægðu tengilinn frá lokannum þegar vatnið hætti að renna.

i Ekki nota aftappaða vatnið til að fylla aftur á vatnstankinn.


Upphitunarvísir

Þegar þú kveikir á hitunaraðgerð kviknar á súlunni á skjánum. Súlan sýnir að hitastigið er að hækka. Þegar hitastigi er náð hljómar hljóðgjafinn 3 sinnum og súlan leiftrar og hverfur svo.

Hröð upphitun

Þessi aðgerð styttr upphitunartímann.

i Settu ekki mat í ofninn þegar aðgerðin Hröð upphitun er í gangi.

Til að kveikja á aðgerðinni skaltu halda  inni í 3 sekúndur. Vísir fyrir upphitun skiptir á milli.





Þessi aðgerð er ekki tiltæk fyrir sumar aðgerðir ofnsins.

Afgangshiti

Þegar þú slekkur á ofninum sýnir skjárinn afgangshitann. Þú getur notað hitann til að halda matnum heitum.

Tímastillingar

Tafla yfir klukkuaðgerðir

| Klukkuaðgerð | Notkun |
|--|--|
|  Mínútumælir | Til að stilla niðurtalningu (hámark 2 klst. 30 mín). Þessi aðgerð hefur engin áhrif á starfsemi ofnsins. Ýttu á  til að kveikja á aðgerðinni. Notaðu skutluna til að stilla mínúturnar og OK til að byrja. |
|  Tímalengd | Til að stilla hversu lengi ofninn vinnur (hám. 23 klst., 59 mín.). |
|  Lokatími | Til að stilla hvenær slokknar á hitunaraðgerð (hám. 23 klst., 59 mín). |

Ef þú stillir tímann fyrir klukkuaðgerð þá fer niðurtalning tíma af stað eftir 5 sekúndur.




Ef þú notar klukkuaðgerðirnar Tímalengd, Lokatími, slekkur ofninn á hitaelementunum eftir 90% af innstilltum tíma. Ofninn notar afgangshita til að halda eldun áfram þangað til tímanum lýkur (3 - 20 mínútur).

Aðgerðir klukkunnar stilltar



Áður en þú notar aðgerðirnar Tímalengd, Lokatími verður þú fyrst að stilla hitunaraðgerð og hitastig. Það slokknar sjálfvirkt á ofninum. Þú getur notað aðgerðirnar Tímalengd og Lokatími samtímis ef þú vilt kveikja og slökkva sjálfkrafa á ofninum á ákveðnum tíma seinna. Aðgerðirnar Tímalengd og Lokatími virka ekki þegar þú notar kjóthitamælinn.

1. Stilltu hitunaraðgerð.
2. Ýttu á  aftur og aftur þangað til skjárinn birtir nauðsynlegar aðgerðir klukku og tengt tákn.
3. Notaðu skutluna til að stilla nauðsynlegan tíma.
4. Ýttu á OK til að staðfesta. Þegar tímanum lýkur heyrir hljóðmerki. Þá slokknar á ofninum. Skjárinn sýnir skilaboð.
5. Ýttu á hvaða tákn sem er til að stöðva merkið.

Hita + halda


Skilyrði fyrir aðgerðinni:

- Stillt hitastig er hærra en 80°C.
- Aðgerðin Tímalengd er stillt.

Aðgerðin Hita + halda heldur elduðum mat heitum við 80°C í 30 mínútur. Hún kviknar eftir að bökunar- eða steikingarferli lýkur.


Þú getur kveikt eða slökkt á aðgerðinni í valmyndinni Grunnstillingar.



1. Kveiktu á ofninum.
2. Veldu hitunaraðgerðina.

3. Stilltu hitastigið fyrir ofan 80°C.
4. Ýttu á  aftur og aftur þar til skjárin sýnir Hita + halda.
5. Ýttu á OK til að staðfesta. Þegar aðgerðinni lýkur heyrst hljóðmerki.


Tímalenging

Aðgerðin Tímalenging lætur hitunaraðgerðina halda áfram eftir að Tímalengd er lokið.


-  Á við um allar hitunaraðgerðir með Tímalengd eða Sjálfvirk vigtun. Á ekki við um hitunaraðgerðir með kjöthitamæli.

1. Þegar eldunartíma lýkur heyrst hljóðmerki. Ýttu á eitthvert tákn. Skjárin sýnir skilaboðin.
2. Ýttu á  til að kveikja eða  til að hætta við.
3. Stilltu lengd aðgerðarinnar.
4. Ýttu á OK.

Sjálfvirk ferli

-  **AÐVÖRUN!** Sjá kafla um Öryggismál.

Uppskriftir á netinu

-  Þú getur fundið uppskriftirnar fyrir sjálfvirku kerfin sem tilgreind eru fyrir þennan ofn á vefsvæðinu www.ikea.com. Til að finna réttu uppskriftabókina skaltu athuga hlutarnúmerið á tegundarspjaldinu sem er á fremri ramma ofnrýmisins.

Uppskriftir

Þessi ofn er með uppskriftir sem þú getur notað. Uppskriftirnar eru fastar og þú getur ekki breytt þeim.

1. Kveiktu á ofninum.
2. Veldu valmyndina Uppskriftir. Ýttu á OK til að staðfesta.
3. Veldu flokk og rétt. Ýttu á OK til að staðfesta.
4. Veldu uppskrift. Ýttu á OK til að staðfesta.


Að nota fylgihluti

-  **AÐVÖRUN!** Sjá kafla um Öryggismál.

Aukabúnaðurinn settur í


Vírhilla:

Ýttu hillunni milli stýristanganna á hillustoðinni og gakktu úr skugga um að fóturinn snúi niður.




Bökunarplata/ Djúp ofnskúffa:

Ýttu bökunarplötunni /djúpu ofnskúffunni milli stýristanganna á hillustoðinni.



Vírhilla og bökunarplata / djúp ofnskúffa saman:

Ýttu bökunarplötunni /djúpu ofnskúffunni milli stýristanganna á hillustoðinni og vírhillunni á stýristengurnar fyrir ofan.



i Lítil skörð efst auka öryggi. Skörðin eru einnig búnaður til varnar því að aukabúnaður hvolfist. Háa brúnin umhverfis hilluna kemur í veg fyrir að eldunaráhöld renni niður af henni.

Kjöthitamælir


Stilla þarf tvö hitastig: Ofnhitastig og kjarnhitastig.

Kjöthitamælirinn mælir kjarnhitastig kjötsins. Þegar kjötið hefur náð innstilltu hitastigi slekkur ofninn á sér.

⚠ VARÚÐ! Einungis skal nota þann kjöthitamæli sem fylgir með, eða rétta varahluti.


i Kjöthitamælirinn verður að vera í kjötinu og tengdur í innstungu á meðan á eldun stendur.

1. Stingdu oddi kjöthitamælisins inn í miðju kjötsins.
2. Stingdu klónni á kjöthitamælinum í innstunguna efst í rýminu.



3. Kveiktu á ofninum. Skjárinn sýnir tákni fyrir kjöthitamælinn.
4. Notaðu skutluna í minna en 5 sekúndur til að stilla kjarnhitastigið.
5. Stilltu hitunaraðgerðina og ef nauðsyn krefur, hitastigið í ofninum. Ofninn reiknar út áætlaðan lokatíma. Lokatíminn er mismunandi fyrir mismunandi


magn matar, stillt ofnhitastig (lágmark 120°C) og stjórnunarhami sem eru í gangi. Ofninn reiknar út lokatímann á um það bil 30 mínútum.


6. Til að breyta hitastigi kjöthitamælisins skaltu ýta á .

Þegar kjötið hefur náð innstilltu kjarnhitastigi heyrir hljóðmerki. Það slokknar sjálfvirkt á ofninum.

7. Ýttu á hvaða tákni sem er til að stöðva merkið.

8. Fjarlægðu kló kjöthitamælisins úr innstungunni og taktu kjötið út úr ofninum.


9. Ýttu á  til að slökkva á ofninum.


 **ADVÖRUN!** Skynjari kjöthitamælisins er heitur. Hætta er á bruna. Farðu varlega þegar þú fjarlægir odd og kló kjöthitamælisins.

Útdraganlegu rennurnar notaðar

 Geymdu uppsetningarleiðbeiningarnar fyrir útdraganlegu rennurnar fyrir notkun í framtíðinni.

Útdraganlegar rennur aðstoða þig við að setja í og fjarlægja vírhullur og plötur á auðveldari hátt.

 **VARÚÐ!** Ekki hreinsa útdraganlegu rennurnar í uppþvottavélinni. Ekki smyrja útdraganlegu rennurnar.



Togaðu út útdraganlegu rennurnar bæði hægra og vinstra megin.

Settu vírhulluna á útdraganlegu rennurnar og ýttu þeim varlega inn í ofninn.

Gættu þess að ýta útdraganlegu rennunum alveg inn í ofninn áður en þú lokar ofnhurðinni.



 **ADVÖRUN!** Sjá kaflann „Lýsing vöru“.

Viðbótarstillingar





Uppáhalds

Þú getur vistað uppáhaldsstillingar þínar, eins og tímalengd, hitastig og hitunaraðgerð. Þær eru tiltækar í valmyndinni Uppáhalds. Þú getur vistað 20 kerfi.

Að vista kerfi

1. Kveiktu á ofninum.
2. Stilltu hitunaraðgerð eða sjálfvirkt kerfi.
3. Ýttu á  aftur og aftur þar til skjárin sýnir VISTA.
4. Ýttu á  til að staðfesta.

Skjárin sýnir fyrstu lausu stöðu minnis.

5. Ýttu á  til að staðfesta.
6. Færðu inn nafn kerfisins. Fyrsti stafurinn leiftrar.
7. Notaðu skutluna til að breyta um staf.
8. Ýttu á .
9. Gerðu 7. skref aftur eftir þörfum.
10. Ýttu á og haltu  til að vista. Þú getur skrifað yfir minnisstöðu. Þegar skjárin sýnir fyrstu lausu minnisstöðu skaltu nota skutluna og ýta á  til að yfirskrifa núverandi kerfi.

Þú getur breytt heiti kerfis í valmyndinni
Breyta heiti kerfis.

Kerfið virkjað

1. Kveiktu á ofninum.
2. Veldu valmyndina Uppáhalds.
3. Ýttu á OK til að staðfesta.
4. Veldu heiti uppáhaldskerfisins þíns.
5. Ýttu á OK til að staðfesta.

Þú getur ýtt á ☆ til að fara beint í valmynd Uppáhalds.

Barnalæsingin notuð

Þegar barnalæsingin er á er ekki hægt að kveikja óviljandi á ofninum.

i Ef eldglæðingaraðgerðin er í gangi læsist hurðin sjálfvirk. Skilaboð birtast á skjánum þegar þú ýtir á eitthvert tákn.

1. Ýttu á 1 til að kveikja á skjánum.
2. Ýttu á 1 og ☆ samtímis þar til skjárinn sýnir skilaboð.

Til að slökkva á barnalæsingaraðgerðinni skal endurtaka skref 2.

Aðgerðarlás

Þessi aðgerð kemur í veg fyrir að hitunaraðgerð sé breytt fyrir slysi. Þú getur aðeins kveikt á henni þegar ofninn er í gangi.

1. Kveiktu á ofninum.
2. Stilltu hitunaraðgerð eða -stillingu.
3. Ýttu á 1 aftur og aftur þar til skjárinn sýnir Aðgerðarlás.
4. Ýttu á OK til að staðfesta.

i Ef eldglæðingaraðgerð er í gangi er hurðin læst og lykiltáknið birtist á skjánum.

Til að slökkva á aðgerðinni skaltu ýta á 1. Skjárinn sýnir skilaboð. Ýttu aftur á 1 og síðan OK til að staðfesta.

i Þegar þú slekkur á ofninum slökknar einnig á aðgerðinni.

Stilla + Af stað

Aðgerðin leyfir þér að stilla hitunaraðgerð (eða kerfi) og nota hana seinna með því að ýta einu sinni á eitthvert tákn.

1. Kveiktu á ofninum.
2. Stilltu hitunaraðgerð.
3. Ýttu á 1 aftur og aftur þar til skjárinn sýnir Tímalengd.
4. Stilltu tímann.
5. Ýttu á 1 aftur og aftur þar til skjárinn sýnir Stilla + Af stað.
6. Ýttu á OK til að staðfesta.



Ýttu á eitthvert tákn (nema fyrir 1) til að hefja aðgerð Stilla + Af stað. Innstillta hitunaraðgerðin hefst.

Þegar hitunaraðgerðinni lýkur heyrst hljóðmerki.

- i**
- Aðgerðarlás er á þegar hitunaraðgerð er í gangi.
 - Valmyndin Grunnstillingar leyfir þér að kveikja og slökkva á aðgerðinni Stilla + Af stað.

Slökkt sjálfvirk

Af öryggisástæðum slekkur ofninn sjálfvirk á sér eftir dálítinn tíma ef hitunaraðgerð er í gangi og þú breytir ekki neinum stillingum.

|  (°C) |  (klst) |
|--|--|
| 30 - 115 | 12,5 |
| 120 - 195 | 8,5 |
| 200 - 245 | 5,5 |
| 250 - hámark | 3 |

Slökkt sjálfvirk virkar ekki með aðgerðunum: Létt, Matvælaskynjari, Tímalengd, Lokatími.

Birta skjásins

Það eru tvær stillingar á birtu skjásins:

- Næturbirta - þegar slökkt er á ofninum er birtan á skjánum minni milli kl. 22:00 og 06:00.
- Dagbirta:
 - Þegar kveikt er á ofninum.
 - Ef þú snertir tákni meðan á næturbirtu stendur (fyrir utan KVEIKT / SLÖKKT) snýr skjáinn aftur í dagbirtustillingu næstu 10 sekúndur.

Kælivifta

Þegar ofninn gengur kviknar sjálfvirk á kæliviftunni til að halda flötum ofnsins

Góð ráð

Ráðleggingar um eldun

Þegar þú forhitar skaltu fjarlægja vírhillurnar og bakkana úr ofnhólfinu til að fá sem hröðust afköst.

Ofninn hefur fimm hillustöður. Teldu hillustöðurnar að neðan frá botni ofnrýmisisins.

Ofninn er með sérstakt kerfi sem setur loftið í hringrás og endurnýtir stöðugt gufuna.

Með þessu kerfi getur þú eldað í gufukenndu umhverfi og haldið matnum mjúkum að innan og stökkum að utan. Það minnkar eldunartíma og orkunotkun niður í lágmark.

Raki getur þéttst í ofninum eða á glerplötum hurðarinnar meðan á eldun stendur. Haltu þig alltaf frá ofninum þegar þú opnar ofnhurðina.

Þegar ofninn kólnar skaltu hreinsa rýmið með mjúkum klút.

Kökur bakaðar

Opnaðu ekki ofnhurðina fyrr en 3/4 baksturstímans eru liðnir

svölum. Ef þú slekkur á ofninum gengur kæliviftan áfram þangað til ofninn kólnar.

Öryggishitastillir

Röng notkun ofnsins eða bilun í íhlutum getur orsakað hættulega ofhitnun. Til að koma í veg fyrir þetta, hefur ofninn öryggishitastilli sem rýfur rafmagnstenginguna. Ofninn kveikir sjálfkrafa á sér aftur þegar hitastigið lækkar.

Ef þú notar tvær bökunarplötur á sama tíma skaltu hafa eina tóma hæð á milli þeirra.

Eldun á kjöti og fiski

Notaðu djúpa pönnu fyrir mjög feitan mat til að koma í veg fyrir að blettir sem geta verið varanlegir komi í ofninn.

Láttu kjötið standa í um það bil 15 mínútur áður en þú skerð það svo að vökvinn seytli ekki út.

Til að koma í veg fyrir of mikinn reyk í ofninum meðan verið er að steikja skal bæta svolitlu vatni í ofnskúffuna. Til að koma í veg fyrir þéttingu reyks skal bæta við vatni í hvert sinn sem það gufar upp.

Bökun með rökum blæstri



Til að fá sem bestan árangur skaltu fylgja uppástungunum sem taldar eru upp í töflunni hér að neðan.





| Matvæli | Fylgihlutir | Hitastig (°C) | Hillustaða | Tími (mín) |
|-------------------|----------------------------|---------------|------------|------------|
| Snúðar, 12 stykki | bökunarplata eða lekabakki | 180 | 2 | 20 - 30 |

| Matvæli | Fylgihlutir | Hitastig (°C) | Hillustaða | Tími (mín) |
|--------------------------------------|--------------------------------------|---------------|------------|------------|
| Rúnstykki, 9 stykki | bökunarplata eða lekabakki | 180 | 2 | 30 - 40 |
| Pítsa, frosin, 0,35 kg | vírhilla | 220 | 2 | 10 - 15 |
| Rúlluterta | bökunarplata eða lekabakki | 170 | 2 | 25 - 35 |
| Brúnkaka | bökunarplata eða lekabakki | 175 | 3 | 25 - 30 |
| Frauðréttur, 6 stykki | ramekin-skálar úr keramik á vírhillu | 200 | 3 | 25 - 30 |
| Svampbökubotnar | bakki fyrir bökubotn á vírhillu | 180 | 2 | 15 - 25 |
| Viktoríu-samloka | bökunardiskur á vírhillu | 170 | 2 | 40 - 50 |
| Fiskur soðinn við vægan hita, 0,3 kg | bökunarplata eða lekabakki | 180 | 3 | 20 - 25 |
| Heill fiskur, 0,2 kg | bökunarplata eða lekabakki | 180 | 3 | 25 - 35 |
| Fiskflak, 0,3 kg | pítsufat á vírhillu | 180 | 3 | 25 - 30 |
| Kjöt soðið við vægan hita, 0,25 kg | bökunarplata eða lekabakki | 200 | 3 | 35 - 45 |
| Shashlik, 0,5 kg | bökunarplata eða lekabakki | 200 | 3 | 25 - 30 |
| Smákökur, 16 stykki | bökunarplata eða lekabakki | 180 | 2 | 20 - 30 |
| Makkarónukökur, 20 stykki | bökunarplata eða lekabakki | 180 | 2 | 25 - 35 |
| Formkökur, 12 stykki | bökunarplata eða lekabakki | 170 | 2 | 30 - 40 |
| Bragðsterkt sætabrauð, 16 stykki | bökunarplata eða lekabakki | 180 | 2 | 25 - 30 |
| Mjúkar smákökur, 20 stykki | bökunarplata eða lekabakki | 150 | 2 | 25 - 35 |

| Matvæli | Fylgihlutir | Hitastig (°C) | Hillustaða | Tími (mín) |
|---|----------------------------|---------------|------------|------------|
| Smábökur, 8 stykki | bökunarplata eða lekabakki | 170 | 2 | 20 - 30 |
| Grænmeti soðið við vægan hita, 0,4 kg | bökunarplata eða lekabakki | 180 | 3 | 35 - 45 |
| Eggjakaka grænmetisætunnar | pítsufat á vírhillu | 200 | 3 | 25 - 30 |
| Grænmeti frá Miðjarðarhafssvæðinu, 0,7 kg | bökunarplata eða lekabakki | 180 | 4 | 25 - 30 |

Bökun með rökum blæstri - ráðlagðir fylgihlutir

Notaðu dökk form og ílát sem endurkasta ekki ljósi. Þau gleypa betur hita en ljósir litir og diskar sem endurkasta ljósi.

| Fylgihlutir | Stærð | Mynd |
|--|------------------------|---|
| Pítsubakki, dökkur, endurkastar ekki ljósi | 28 cm þvermál |  |
| Bökunarfát, dökkt, endurkastar ekki ljósi | 26 cm þvermál |  |
| Ramekín-skál, keramík | 8 cm þvermál, 5 cm hæð |  |
| Bakki fyrir bökubotn, dökkur, endurkastar ekki ljósi | 28 cm þvermál |  |

Upplýsingar fyrir prófunarstofnanir

Prófanir í samræmi við IEC 60350-1.

| Matvæli | Aðgerð | Fylgihlutir | Hillust- aða | Hítastig (°C) | Tími (mín) | Athugasemdir |
|--------------------|-------------------------------|--------------|-----------------|------------------|------------|--|
| Lítill kaka | Hefðbundin matreiðsla | Bökunarplata | 3 | 170 | 20 - 30 | Settu 20 litlar kökur á hverja bökunarplötu. |
| Lítill kaka | Eldun með hefðbundnum blæstri | Bökunarplata | 3 | 150 - 160 | 20 - 35 | Settu 20 litlar kökur á hverja bökunarplötu. |
| Lítill kaka | Eldun með hefðbundnum blæstri | Bökunarplata | 2 og 4 | 150 - 160 | 20 - 35 | Settu 20 litlar kökur á hverja bökunarplötu. |
| Eplabaka | Hefðbundin matreiðsla | Vírhilla | 2 | 180 | 70 - 90 | Notaðu 2 form (20 cm þvermál), raðað skáhallt. |
| Eplabaka | Eldun með hefðbundnum blæstri | Vírhilla | 2 | 160 | 70 - 90 | Notaðu 2 form (20 cm þvermál), raðað skáhallt. |
| Fitulaus svampkaka | Hefðbundin matreiðsla | Vírhilla | 2 | 170 | 40 - 50 | Notaðu kökumót (26 cm þvermál). Forhitaðu ofninn í 10 mínútur. |
| Fitulaus svampkaka | Eldun með hefðbundnum blæstri | Vírhilla | 2 | 160 | 40 - 50 | Notaðu kökumót (26 cm þvermál). Forhitaðu ofninn í 10 mínútur. |
| Fitulaus svampkaka | Eldun með hefðbundnum blæstri | Vírhilla | 2 og 4 | 160 | 40 - 60 | Notaðu kökumót (26 cm þvermál). Raðað skáhallt. Forhitaðu ofninn í 10 mínútur. |
| Smjörbrauð | Eldun með hefðbundnum blæstri | Bökunarplata | 3 | 140 - 150 | 20 - 40 | - |
| Smjörbrauð | Eldun með hefðbundnum blæstri | Bökunarplata | 2 og 4 | 140 - 150 | 25 - 45 | - |
| Smjörbrauð | Hefðbundin matreiðsla | Bökunarplata | 3 | 140 - 150 | 25 - 45 | - |

| Matvæli | Aðgerð | Fylgihlutir | Hillust- aða | Hítastig (°C) | Tími (mín) | Athugasemdir |
|---|--------|--------------------------|-----------------|------------------|--|---|
| Ristað brauð 4 - 6 stykki | Grill | Vírhilla | 4 | hám. | 2 - 3 mínútur á fyrri hlið; 2 - 3 mínútur á se- inni hlið | Forhitaðu ofninn í 3 mínútur. |
| Kjötborg- ari 6 stykki, 0,6 kg | Grill | Vírhilla og lekabakki | 4 | hám. | 20 - 30 | Settu vírhilluna á fjórðu hæð og lek- abakkann á þriðju hæð í ofninum. Snúðu matnum þegar eldunartím- inn er hálfnaður. Forhitaðu ofninn í 3 mínútur. |

Eldunartöflur



Varðandi viðbótareldunartöflur skaltu vinsamlegast skoða uppskriftabókina sem finna má á vefsvæðinu www.ikea.com. Til að


finna réttu uppskriftabókina skaltu athuga hlutarnúmerið á merkiplötunni sem er á fremri ramma ofnrýmisins.

Umhirða og þrif

 **AÐVÖRUN!** Sjá kafla um Öryggismál.

Athugasemdir varðandi þrif

| | |
|---|---|
|  Hreinsiefni | Hreinsaðu ofninn að framan með mjúkum klút með volgu vatni og mildu hreinsiefni. |
| | Notaðu þrifalausn til að þrifa málmfleti. |
| | Þrífðu bletti með mildu hreinsiefni. |
|  Dagleg not- kun | Hreinsaðu ofnhólfið eftir hverja notkun. Fituuppsöfnun eða aðrar leifar geta valdið eldsvoða. |
| | Raki getur þétts í ofninum eða á glerplötum hurðarinnar. Til að minnka þéttingu skaltu láta ofninn vera í gangi í 10 mínútur áður en þú byrjar að elda í honum. Ekki geyma mat í ofninum lengur en í 20 mínútur. Þurrkaðu hólfið með mjúkum klút eftir hverja notkun. |

| | |
|---|---|
|  <p>Aukabúnaður</p> | <p>Prífðu alla aukahluti eftir hverja notkun og leyfðu þeim að þorna. Notaðu mjúkan klút með volgu vatni og mildu hreinsiefni. Ekki láta aukahlutina í uppþvottavél.</p> <p>Ekki þrifa viðloðunarfríu aukahlutina með slípanði hreinsiefni eða hlutum með beittum brúnum.</p> |
|---|---|

Ofnar úr ryðfríu stáli eða áli

Hreinsaðu ofnhurðina aðeins með rökum klút eða svampi. Þurrkaðu hana með mjúkum klút.


Ekki nota stálull, sýrur eða svarfefni þar sem þau geta skemmt yfirborð ofnsins. Hreinsaðu stjórnborð ofnsins með sömu varúðarráðstöfunum.

Fjarlægðu hilluberana


Til að hreinsa ofninn skaltu fjarlægja hilluberana.

VARÚÐ! Vert varkár þegar þú fjarlægir hilluberana.

1. Togaðu framhluta hilluberans frá hliðarveggnum.



2. Togaðu afturenda hilluberans frá hliðarveggnum og fjarlægðu hann.



Settu upp fjarlægðu fylgihlutina í öfugri röð.

i Festipinnarnir á útdraganlegu rennunum verða að vísa fram.

Hreinsun

VARÚÐ! Áður en þú byrjar hreinsunina skaltu gæta þess að vatnstankurinn sé tómur. Skoðaðu kaflann „Dagleg notkun“, Vatnstankurinn tæmdur.

ÁÐVÖRUN! Tryggja skal að gæludýr (sérstaklega fuglar) séu hafðir eins langt frá heimilistækinu og mögulegt er meðan á hreinsun með eldglæðingu og fyrstu notkun með hámarkshita stendur og eftir það. Æskilegt væri að hafa þau í öðru rými meðan á eldglæðingu stendur og þangað til heimilistækið hefur kólnað niður í stofuhita. Tryggja verður góða loftræstingu á meðan og eftir hreinsun með eldglæðingu og fyrstu notkun með hámarkshita (þangað til heimilistækið hefur kólnað).

ÁÐVÖRUN! Áður en sjálfshreinsunarferli með eldglæðingu er sett í gang eða við fyrstu notkun skaltu fjarlægja eftirfarandi úr holrými ofnsins:

- Allar matarleifar, dreggjar, olíu eða feiti sem lekið hefur niður.
- Alla hluti sem hægt er að losa (þ.m.t. plötur, plötubera í hliðum / framlangda plötubera o.s.frv. sem fylgja vörunni) sérstaklega alla viðloðunarfría potta, pönnur, bakka, áhöld o.s.frv.

⚠ VARÚÐ! Ef önnur heimilistæki eru uppsett í sama skáp skal ekki nota þau á sama tíma og aðgerðina Hreinsun. Það getur valdið skemmdum á heimilistækinu.

Hreinsunin getur ekki hafist:

- Ef kjöthitamælirinn er ekki fjarlægður.
 - Ef ofnhurðin er ekki lokuð.
1. Fjarlægðu allan aukabúnað og lausa hillubera.
 2. Hreinsaðu holrými ofnsins með volgu vatni og mildu hreinsiefni. Hreinsaðu innra hurðarglerið með volgu vatni og mjúkum klút.
 3. Kveiktu á ofninum.
 4. Farðu í valmyndina og veldu aðgerðina Hreinsun. Þrýstu á OK.
 5. Stilltu tímalengd hreinsunar:

| Valkostur | Lýsing |
|-----------|---------------------------------------|
| Hratt | Fyrir léttu hreinsun: 1 h. |
| Venjulegt | Fyrir venjulega hreinsun: 1 h 30 min. |
| Ákaft | Fyrir vandlega hreinsun: 2 h 30 min. |

6. Þrýstu á OK.
Þegar hreinsun hefst er hurðin á ofninum læst og ljósið virkar ekki.
Til að stöðva hreinsunina áður en henni er lokið skaltu slökkva á ofninum.

⚠ AÐVÖRUN! Þegar aðgerðinni er lokið er ofninn mjög heitur. Hætta er á bruna.

Hurðin helst læst og sumar ofnaðgerðir eru ekki tiltækar eftir að hreinsun er lokið þangað til hitastigið í ofninum lækkar.

Vatnstankurinn hreinsaður

⚠ AÐVÖRUN! Ekki setja vatn í vatnstankinn meðan á hreinsunarferlinu stendur.

i Meðan á hreinsunarferlinu stendur getur vatn lekið úr gufuinntakinu niður í rými ofnsins. Settu lekabakka í hilluhæðina beint fyrir neðan gufuúttakið til að koma í veg fyrir að vatn falli niður á botninn á ofnrýminu.

Eftir dálítinn tíma kannt þú að vera með kalkútfellingar í ofninum þínum. Til að koma í veg fyrir það skaltu hreinsa þá hluta ofnsins sem framleiða gufuna. Tæmdu tankinn eftir hverja gufueldun.

Tegundir vatns

- **Mjúkt vatn með litlu kalkinnihaldi** - framleiðandinn mælir með þessu þar sem það dregur úr umfangi hreinsunarferlisins.
- **Kranavatn** - þú getur notað það ef vatnsveitan notar skilvindu eða sætuefni fyrir vatn.
- **Hart vatn með miklu kalkinnihaldi** - það hefur ekki áhrif á afköst ofnsins en það eykur umfang hreinsunarferlisins.

TAFLA YFIR VÍSBENDINGAR UM MAGN KALSÍUM FRÁ W.H.O. (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin)

| Útfelling kalsíum | Harka vatns | | Flokkun vatns | Keyra afkölkun hverja |
|-------------------|-------------------|-----------------|----------------|-----------------------------|
| | (Franskar gráður) | (Þýskar gráður) | | |
| 0 - 60 mg/l | 0 - 6 | 0 - 3 | Sætt eða mjúkt | 75 hringrásir - 2,5 mánuðir |

| Útfelling kalsíum | Harka vatns | | Flokkun vatns | Keyra afkölkun hverja |
|-------------------|-------------------|-----------------|-----------------|-----------------------------|
| | (Franskar gráður) | (Þýskar gráður) | | |
| 60 - 120 mg/l | 6 - 12 | 3 - 7 | Miðlungsharka | 50 hringrásir - 2 mánuðir |
| 120 - 180 mg/l | 12 - 18 | 8 - 10 | Hart eða kalkað | 40 hringrásir - 1,5 mánuðir |
| yfir 180 mg/l | yfir 18 | yfir 10 | Mjög hart | 30 hringrásir - 1 mánuður |

1. Fylltu á vatnstankinn með 850 ml af vatni og 50 ml af sitrónusýru (fimm teskeiðar). Slökktu á ofninum og bíddu í um það bil 60 mínútur.
2. Kveiktu á ofninum og stilltu aðgerðina Hefðbundinn blástur + gufa. Stilltu hitastigið á 230°C. Slökktu eftir 25 mínútur og láttu hann kólna í 15 mínútur.
3. Kveiktu á ofninum og stilltu aðgerðina Hefðbundinn blástur + gufa. Stilltu hitastigið milli 130 og 230°C. Slökktu eftir 10 mínútur.

Láttu hann kólna og haltu áfram með brottnám innihalds tanksins. Sjá „Vatnstankurinn tæmdur“.

4. Skolaðu vatnstankinn og hreinsaðu þær kalkleifar sem eftir eru í ofninum með klút.
5. Hreinsaðu tæmirörið í höndunum í volgu vatni og sápu. Til að koma í veg fyrir skemmdir skal ekki nota sýru, úða eða svipuð hreinsiefni.


Hurð fjarlægð og ísett

Í ofnhurðinni eru fjórar glerplötur. Þú getur fjarlæggt ofnhurðina og innri glerplöturnar til að hreinsa þau. Lestu allar leiðbeiningarnar „Hurð fjarlægð og ísett“ áður en þú fjarlægir glerplöturnar.


i Ofnhurðin kann að lokast ef þú reynir að fjarlægja glerplöturnar áður en þú fjarlægir ofnhurðina.

⚠ VARÚÐ! Ekki nota ofninn án glerplatnanna.


1. Opnaðu hurðina til fulls og finndu lömina hægra megin á hurðinni.
2. Notaðu skrufjárn til að lyfta og snúa til fulls lamararminum hægra megin.




3. Finndu lömina vinstra meigin á hurðinni.




4. Lyftu og snúðu til fulls arminum á vinstri lóminni.




5. Lokaðu ofnhurðinni hálfá leið að fyrstu lokunarstöðu. Lyftu síðan og togaðu fram á við og fjarlægðu hurðina úr sæti sínu.



6. Settu hurðina á mjúkan klút á stöðugu undirlagi.
7. Haltu í hurðarklæðninguna (B) á toppbrún hurðarinnar á báðum hliðum og ýttu inn á við til að losa klemmuinnsiglið.



8. Togaðu hurðarbrúnina fram á við til að fjarlægja hana.
9. Haltu í efri brúnir glerplatna hurðarinnar og dragðu þær varlega út, eina í einu. Byrjaðu á efstu plötunni. Gakktu úr skugga um að glerið renni alla leið út úr berunum.




10. Hreinsaðu glerplöturnar með vatni og sápu. Þurrkaðu glerplöturnar varlega. Hreinsaðu ekki glerplöturnar í uppþvottavélinni. Þegar hreinsun er lokið skaltu setja glerplöturnar, hurðarklæðninguna og ofnhurðina í og loka örmunum á báðum lömum.


Gættu þess að þú setjir glerplöturnar (A, B og C) í aftur í réttri röð. Athugaðu með táknið / prentunina á hlið glerplötunnar, hver glerplata lítur öðruvísi út til að gera sundurtekt og samsetningu auðveldari.

Sáldprentunarsvæðið verður að snúa að innri hlið hurðarinnar. Gakktu úr skugga um eftir uppsetninguna að yfirborð glerplöturammans á sáldprentunarsvæðunum sé ekki gróft viðkomu.

Þegar rétt er sett í smellur hurðarklæðningin.



Gakktu úr skugga um að þú setjir miðplötuna úr glerinu rétt í sætin.



Skipt um ljósið

Settu klút á botn ofnsins. Það kemur í veg fyrir skemmdir á glerhlíf ljóssins og á ofnrýminu.

- ⚠️ AÐVÖRUN!** Hætta á raflosti! Aftengdu öryggið áður en þú skiptir um peru. Ofnljósíð og glerhlífín geta verið heit.
- ⚠️ VARÚÐ!** Alltaf skal halda halógenperunni með klút til að koma í veg fyrir að fituleifar brennist inn í hana.

- 2. Taktu öryggín úr öryggjahólfinu eða slökktu á útsláttaröfanum.
- 3. Snúðu glerhlífinni rangsælis til að fjarlægja hana.
- 4. Hreinsaðu glerhlífina.
- 5. Endurnýjaðu peruina í ofnljósínu með 40 W, 230 V (50 Hz), 350°C hitaþolinni ljósaperu fyrir ofn (tegund tengingar: G9).
- 6. Settu glerhlífina á.

1. Slökktu á ofninum.

Bilanaleit

- ⚠️ AÐVÖRUN!** Sjá kafla um Öryggismál.

Hvað skal gera ef...

| Vandamál | Hugsanleg orsök | Úrræði |
|-----------------------------|--|--|
| Ofninn hitnar ekki. | Slökkt er á ofninum. | Kveiktu á ofninum. |
| Ofninn hitnar ekki. | Klukkan er ekki stillt. | Stilltu klukkuna. |
| Ofninn hitnar ekki. | Nauðsynlegar stillingar eru ekki stilltar. | Gættu þess að stillingarnar séu réttar. |
| Ofninn hitnar ekki. | Kveikt er á sjálfslökknunaröfanum. | Sjá „Sjálfslökknun“. |
| Ofninn hitnar ekki. | Barnalæsingin er á. | Sjá „Notkun barnalæsingarinnar“. |
| Ofninn hitnar ekki. | Hurðin er ekki rétt lokað. | Lokaðu hurðinni til fulls. |
| Ofninn hitnar ekki. | Öryggi hefur sprungið. | Gakktu úr skugga um að öryggi sé orsök bilunarinnar. Ef öryggið springur aftur og aftur skal hafa samband við rafvirkjameistara. |
| Ljósíð virkar ekki. | Ljósíð er bilað. | Endurnýjaðu ljósíð. |
| Það er vatn inni í ofninum. | Það er of mikið vatn í tankinum. | Slökktu á ofninum og þurrkaðu vatnið með klút eða svampi. |
| Gufueldunin virkar ekki. | Það er ekkert vatn í tankinum. | Fylltu vatnstankinn. |

| Vandamál | Hugsanleg orsök | Úrræði |
|--|--|--|
| Gufueldunin virkar ekki. | Kalk lokar gatinu. | Athugaðu gufuiinntaksop. Fjarlægðu kalkið. |
| Það tekur meira en þrjár mínútur að tæma vatnstankinn eða vatnið lekur úr gufuiinntaksopinu. | Það eru kalkútfellingar í ofninum. | Hreinsaðu vatnstankinn. Sjá „Vatnstankurinn hreinsaður“. |
| Skjárinn sýnir F111. | Klór kjöthitamælisins er ekki sett rétt í innstunguna. | Settu klór kjöthitamælisins inn í innstunguna eins langt og hægt er. |
| Skjárinn sýnir villukóða sem er ekki í þessari töflu. | Það er rafmagnsbilun. | <ul style="list-style-type: none"> Slökktu á ofninum með öryggi hússins eða öryggisrofanum í öryggjahólfinu og kveiktu á honum aftur. Ef skjárinn sýnir villukóðann aftur skaltu hafa samband við viðurkennda þjónustumiðstöð. |
| Gufa og raki sest á matinn og inn í ofnrýmið. | Þú hafðir réttinn of lengi inni í ofninum. | Ekki hafa réttina lengur í ofninum en 15 - 20 mínútur eftir að eldunarferli er lokið. |
| Slökkt er á ljósinu. | Kveikt er á Bökun með rökum blæstri-aðgerðinni. | Venjuleg hegðun Bökun með rökum blæstri-aðgerðarinnar. Sjá kaflann „Dagleg notkun“, Hitunaraðgerðir. |
| Hurðin er læst. | Það varð rafmagnslaust. | Athugaðu aflgjafann. |

Þjónustugögn

Ef þú getur ekki sjálf(ur) fundið lausn á vandamálinu skaltu hafa samband við eða viðurkennda þjónustumiðstöð.

Þau nauðsynlegu gögn sem þjónustumiðstöðin þarf á að halda eru á

merkiplötunni. Merkiplatan er á fremri ramma ofnrýmisins. Fjarlægðu ekki merkiplötuna úr ofnrýminu.

| Við mælum með að þú skrifir upplýsingarnar hérna: | |
|---|-------|
| Gerð (MOD.) | |
| Vörunúmer (PNC) | |
| Raðnúmer (S.N.) | |

Tæknigögn

Tæknilegar upplýsingar

| | | |
|----------------------|-----------------------|----------------------------|
| Mál (innri) | Breidd Hæð Dýpt | 480 mm 361 mm 416 mm |
| Svæði bökunarplötu | 1438 cm ² | |
| Efra hitunarelement | 2300 W | |
| Neðra hitunarelement | 1000 W | |
| Grill | 2300 W | |
| Hringur | 1900 W | |
| Heildarmálgildi | 3390 W | |
| Spenna | 220 - 240 V | |
| Tíðni | 50 - 60 Hz | |
| Fjöldi aðgerða | 20 | |

Orkunýtni

Vöruupplýsingar og vöruupplýsingablað*

| | |
|--|-----------------------|
| Nafn afhendingaraðila | IKEA |
| Auðkenning gerðar | FINSMAKARE 504.117.30 |
| Orkunýtnistuðull | 81.2 |
| Orkunýtniflokkur | A+ |
| Orkunotkun með venjulegu álagi, hefðbundin stilling | 0.93 kWh/hringrás |
| Orkunotkun með venjulegu álagi, viftudrífín stilling | 0.69 kWh/hringrás |
| Fjöldi holrúma | 1 |
| Hitagjafi | Rafmagn |
| Magn | 72 l |
| Tegund ofns | Innbyggður ofn |
| Massi | 38.0 kg |

* Fyrir Evrópusambandið í samræmi við reglugerðir ESB 65/2014 og 66/2014.
 Fyrir Lýðveldið Belarús (Hvíta-Rússland) í samræmi við STB 2478-2017, viðauka G; STB 2477-2017, viðauka A og B.
 Fyrir Úkraínu í samræmi við 568/32020.

Orkunýtingarflokkur á ekki við fyrir Rússland.

EN 60350-1 - Rafmagnseldunartæki til heimilisnota - 1. hluti: Eldavélar, ofnar, gufuofnar og grill - Aðferðir til að mæla frammistöðu.

Orkusparnaður



Ofninn inniheldur aðgerðir sem hjálpa þér að spara orku við hversdagslega matreiðslu.

Almennar vísbindingar

Gættu þess að ofnhurðin sé almennilega lokuð þegar ofninn er í gangi. Ekki opna hurðina of oft á meðan eldað er. Haltu kanti hurðarinnar hreinum og gættu þess að hann sé vel festur á sínum stað.

Notaðu málmdiska til að bæta orkusparnað.

Þegar mögulegt er skal ekki forhita ofninn áður en matur er settur inn.

Þegar eldun tekur lengri tíma en 30 mínútur skaltu lækka ofnhitann eins mikið og hægt er 3 - 10 mínútum áður en eldun er lokið, eftir því hversu langan tíma tekur að elda. Afgangshitinn inni í ofninum mun halda áfram að elda.

Notaðu afgangshitann til að hita upp aðra rétti.

Hafðu eins stutt hlé í bakstrinum og mögulegt er þegar þú undirbýrð nokkra rétti í einu.

Eldun með viftu

Þegar mögulegt er skaltu nota eldunaraðgerðir með viftu til að spara orku.

Afgangshiti

Ef kerfi með vali um tímalengd eða lok tíma er virkjað og eldunartíminn er lengri en 30 mínútur, slökkva hitunarelementin sjálfvirk á sér fyrr í sumum ofnaðgerðum.

Viftan og ljósið eru áfram í gangi.

Halda mat heitum

Veldu lægstu mögulegu hitastillingu til að nota afgangshita og halda máltíð heitri. Vísirinn fyrir afgangshita eða hitastig birtist á skjánum.

Eldun með ljósið slökkt

Slökktu á ljósinu meðan á eldun stendur. Kveiktu aðeins á því þegar þú þarft þess.

Bökun með rökum blæstri

Aðgerð hönnuð til að spara orku á meðan eldað er.

Þegar þú notar þessa aðgerð slokknar ljósið sjálfkrafa eftir 30 sekúndur. Þú getur kveikt aftur á ljósinu en sú aðgerð minnkar væntanlegan orkusparnað.

Umhverfismál

Endurvinnna þarf öll efni merkt táknuinu . Setjið umbúðirnar í viðeigandi sorpílát til endurvinnslu. Leggið ykkar að mörkum til verndar umhverfinu og heilsu manna og dýra og endurvinnið rusl sem fylgir raftækjum og raftænum búnaði. Hendið

ekki heimilistækjum sem merkt eru með táknuinu í venjulegt heimilisrusl. Farið með vöruna í næstu endurvinnslustöð eða hafið samband við sveitarfélagið.

IKEA-ÁBYRGÐ

Hvað gildir IKEA-ábyrgðin lengi?

Ábyrgðin er í gildi í 5 ár frá kaupdegi vörunnar í IKEA. Framvísa þarf upprunalegu sölukvittuninni til sönnunar á kaupunum. Ef gert er við heimilistækið á meðan það er í ábyrgð, framlengir það ekki ábyrgðartíma tækisins.

Hver sér um þjónustuna?

Þjónustuaðili IKEA veitir þjónustuna í gegnum eigin viðgerðarþjónustu eða samþykktu samstarfsviðgerðarþjónustu.

Hvað nær þessi ábyrgð yfir?

Ábyrgðin nær yfir bilanir á heimilistækinu, sem orsakast af göllum í smíði þess eða efnivíði frá þeim degi sem það var keypt hjá IKEA. Þess ábyrgð gildir eingöngu fyrir heimilisnotkun. Undantekningarnar eru taldar upp undir fyrirsögninni "Hvað nær þessi ábyrgð ekki yfir?" Innan ábyrgðartímans nær ábyrgðin yfir kostnað af viðgerð vegna bilunar, þ.e. viðgerðir, varahluti, vinnu og ferðir, að því tilskildu að heimilistækið sé aðgengilegt til að gera við án sérstakra útgjalda. Um þessa skilmála gilda viðmiðunarreglur ESB (Nr. 99/44/EG) og reglugerðir hlutaðeigandi lands. Íhlutir sem teknir eru úr þegar skipt er um íhluti verða eign IKEA.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandamálið?

Þjónustuaðili, skipaður af IKEA, mun skoða vöruna og taka einn ákvörðun um það hvort þessi ábyrgð nái yfir hana. Ef ábyrgðin telst ná yfir heimilistækið mun þjónustuaðili IKEA eða samþykkt samstarfsfyrirtæki annað hvort gera við gölluðu vöruna eða skipta henni fyrir sömu eða sambærilega vöru, og er ákvörðun um það alfarið í þeirra höndum.

Hvað nær þessi ábyrgð ekki yfir?

- Venjulegt slit.
- Skemmdir af ásettu ráði eða vegna vanrækslu, skemmdir vegna þess að notkunarleiddbeiningum hefur ekki verið fylgt, skemmdir vegna rangrar

uppsetningar eða vegna þess að tengt er við ranga rafspennu, skemmdir sem stafa af efnafræðilegum eða rafefnafræðilegum viðbrögðum, ryði, tæringu eða vatni, þar með talið en ekki eingöngu skemmdir sem stafa af miklu kalki í vatni og skemmdir sem stafa af óeðlilegum umhverfisaðstæðum.

- Hluti sem eyðast eins og rafhlöður og perur.
 - Hluti sem hafa enga virkni eða eru eingöngu til skrauts og hafa ekki áhrif á venjulega notkun tækisins, þar með taldar rispúr og hugsanlegan litamun.
 - Skemmdir sem verða fyrir slysi vegna aðskotahluta eða -efna, hreinsunar eða losunar stíflna í síum, frárennsliskerfum eða sápuhólfum.
 - Skemmdir á eftirfarandi hlutum: keramikgleri, aukahlutum, leirtaus- og hnífaparakörfum, aðrennslis- og frárennslisrörum, þéttum, perum og peruhlífum, skjáum, hnöppum, hlífum og hlífapörtum. Nema sannanlegt sé skemmdirnar séu tilkomnar vegna framleiðslugalla.
 - Tilfelli þegar tæknimaður skoðar heimilistækið og finnur engan galla.
 - Viðgerðir ekki framkvæmdar af þjónustuaðilum skipuðum af okkur og/eða samþykktum þjónustuaðila sem við eignum samning við eða notaðir hafa verið varahlutir sem ekki eru upprunalegir.
 - Viðgerðin er tilkomin vegna uppsetningar sem var röng eða ekki í samræmi við tæknilýsingu.
 - Notkun heimilistækisins annars staðar en inni á heimilinu, þ.e. í atvinnuskyni.
 - Skemmdir við flutninga. Ef viðskiptavinur flytur vöruna heim til sín eða á annað heimilisfang, er IKEA ekki ábyrgt fyrir hugsanlegum skemmdum sem verða við flutningana.
- Hins vegar ef IKEA afhendir vöruna á afhendingarheimilisfang

viðskiptavinarins, þá nær þessi ábyrgð yfir skemmdir sem verða við flutningana.

- Kostnað við að setja upp IKEA-heimilistækið í fyrsta sinn. Hins vegar ef þjónustuaðili IKEA eða samþykkt samstarfsviðgerðarþjónusta gerir við eða skiptir heimilistækinu samkvæmt skilmálum þessarar ábyrgðar, mun þjónustuaðilinn eða samþykkt samstarfsviðgerðarþjónustan setja heimilistækið aftur upp eftir viðgerðina eða setja upp nýja heimilistækið, ef með þarf.

Þessi takmörkun á ekki við um verk sem unnið er án mistaka af sérhæfðum aðila með tilskilin réttindi sem notar upprunalega varahluti okkar, í þeim tilgangi að aðlaga heimilistækið að tæknilegum öryggiskröfum annars ESB-lands.

Hvernig landslögin gilda

IKEA-ábyrgðin veitir þér tiltekin lagaleg réttindi, sem samræmast eða ná út fyrir kröfurnar í viðkomandi landi. Þessir skilmálar takmarka þó ekki á neinn hátt réttindi neytenda sem lýst er í lögum viðkomandi lands.

Gildissvæði

Fyrir heimilistæki sem keypt eru í einu ESB-landi og síðan flutt til annars ESB-lands gildir þessi þjónusta innan ramma þeirra ábyrgðarskilmála sem teljast eðlilegir í nýja landinu. Skuldbinding til að gera við heimilistækið innan ramma ábyrgðarinnar er eingöngu til staðar ef heimilistækið samræmist og er sett upp í samræmi við:

- tæknikröfur landsins þar sem ábyrgðarkrafan er gerð;
- samsetningarleiðbeiningarnar og öryggisupplýsingarnar í notendahandbókinni;

Sérstök eftirsölupjónusta (After Sales Service) fyrir IKEA-heimilistæki:

Ekki hika við að hafa samband við eftirsölupjónustu IKEA til að:

1. óska eftir viðgerð sem þessi ábyrgð nær yfir;

2. fá leiðbeiningar um hvernig á að setja IKEA-heimilistækið inn í til þess ætlaða IKEA-eldhúsinnréttingu. Þjónustan veitir ekki nánari leiðbeiningar í tengslum við:
 - uppsetningu á IKEA-eldhúsi í heild;
 - tengingu við rafmagn (ef kló og snúra fylgja ekki með tækinu) eða við vatn eða gas, þar sem samþykktur viðgerðaraðili þarf að sjá um slíkar tengingu.

3. óska eftir nánari útskýringu á efni notendahandbókarinnar eða tæknilýsingu IKEA-heimilistækisins.

Til þess að við getum aðstoðað þig sem best skaltu lesa samsetningarleiðbeiningar og/eða notendahandbókarhluta þessa bæklingvands vandlega áður en þú hefur samband við okkur.

Leiðir til að ná í okkur ef þú þarfnast aðstoðar



Á öftustu síðu þessarar handbók er skrá yfir alla tengiliði á vegum IKEA og viðeigandi símanúmer í hverju landi.



Til þess að geta veitt þér hraðari þjónustu mælum við með því að þú notir eingöngu símanúmerin sem gefin eru upp aftast í þessari handbók. Notaðu alltaf númerin sem gefin eru upp í bæklingnum fyrir það tiltekna heimilistæki sem þú þarft aðstoð fyrir. Áður en þú hringir í okkur skaltu vera viss um að hafa handtækt IKEA-vörunúmerið (8 talna kóða) og raðnúmerið (8 talna kóða sem finna má á merkiplötunni) fyrir heimilistækið sem þú þarft aðstoð okkar við.

**GEYMDU SÖLUKVITTUNINA!**

Hún er þín staðfesting á kaupunum og skilyrði þess að ábyrgðin gildi. Athugaðu að á kvittuninni sést jafnframt IKEA-vöruheiti og -númer (8 stafa talnaruna) hvers heimilistækis sem þú keyptir.

Þarftu frekari hjálp?

Til að fá svör við öðrum spurningum sem ekki tengjast eftirsöluþjónustu heimilistækisins þíns skaltu hringja í þjónustusíma næstu IKEA-verslunar. Við mælum með að lesa bæklingana sem fylgdu heimilistækinu áður en þú hefur samband við okkur.

| Country | Phone number | Call Fee | Opening time |
|-------------------------|---|---|--|
| België | 070 246016 | Binnenlandse gesprekskosten | 8 tot 20 Weekdagen |
| Belgique | | Tarif des appels nationaux | 8 à 20. En semaine |
| България | +359 2 492 9397 | Според тарифата на оператора за обаждания към стационарен номер | От 8:30 до 17:30 ч в работни дни |
| Česká Republika | 246 019721 | Cena za místní hovor | 8 až 20 v pracovních dnech |
| Danmark | 70 15 09 09 | Landstakst | man. - fre. 09.00 - 20.00 lør. - søn. 09.00 - 18.00 |
| Deutschland | +49 1806 33 45 32* | * 0,20 €/Verbindung aus dem Festnetz max. 0,60 €/Verbindung aus dem Mobilfunknetz | Werktags von 8.00 bis 20.00 |
| Ελλάδα | 211 176 8276 | Υπεραστική κλήση | 8 έως 20 κατά τις εργάσιμες ημέρες |
| España | 91 1875537 | Tarifa de llamadas nacionales | De 8 a 20 en días laborables |
| France | 0170 36 02 05 | Tarif des appels nationaux | 9 à 21. En semaine |
| Hrvatska | 00385 1 6323 339 | Cijena ovisi o pružatelju telefonske usluge korisnika | radnim danom od ponedjeljka do petka od 08:00 do 16:00 |
| Ireland | 0 14845915 | National call rate | 8 till 20 Weekdays |
| Ísland | +354 5852409 | Innanlandsgjald fyrir síma | 9 til 18. Virka daga |
| Italia | 02 00620818 | Tariffa applicata alle chiamate nazionali | dalle 8 alle 20 nei giorni feriali |
| Κυπρος | 22 030 529 | Υπεραστική κλήση | 8.30 έως 16.30 κατά τις εργάσιμες ημέρες |
| Lietuva | 5 230 06 99 | Nacionalinių pokalbių tarifai | Pr. - Ketv.: 8:00 - 12:00, 12:45 - 17:00 Pnkt.: 8:00 - 12:00, 12:45 - 15:45 |
| Magyarország | 06-1-252-1773 | Belföldi díjszabás | Hétköznap 8.00 és 17.00 óra között |
| Nederland Luxembourg | 050-7111267 (0900-BEL IKEA) +31 507111267 (international) | Geen extra kosten. Alleen lokaal tarief. | ma-vr: 8.00 - 21.00 zat: 9.00 - 21.00 zon / pub. vakantie: 10.00 - 18.00 |
| Norge | 22 72 35 00 | Takst innland | 8 til 18 ukedager |
| Österreich | +43-1-2056356 | max. 10 Cent/min. | Mo - Fr 8.00 - 20.00 Uhr |
| Polska | 801 400 711 and +48 22 749 60 99 | Koszt zgodny z taryfą operatora | Od 8 do 20 w dni robocze |
| Portugal | 211557985 | Chamada Nacional | 9 às 21. Dias de Semana *excepto feriados |
| România | 021 211 08 88 | Tarif apel național | 8 - 20 în zilele lucrătoare |
| Россия | 8 495 6662929 | Действующие телефонные тарифы | с 8 до 20 по рабочим дням Время московское |
| Schweiz | 031 5500 324 | Tarif für Anrufe im Bundesgebiet | 8 bis 20 Werkstage |
| Suisse | | Tarif des appels nationaux | 8 à 20. En semaine |
| Svizzera | | Tariffa applicata alle chiamate nazionali | dalle 8 alle 20 nei giorni feriali |
| Slovenija | +38618108621 | lokalni strošek je običajna tržna vrednost, odvisna od ponudnika telefonije | 8.00 - 16.00 ob delavnikih |
| Slovensko | (02) 3300 2554 | Cena vnútroštátneho hovoru | 8 až 20 v pracovných dňoch |
| Suomi | 030 6005203 | pvm/mpm | Ma - To 8:00 -18:00 Pe 9:00 -16:00 |
| Sverige | 0775 700 500 | lokalsamtal (lokal taxa) | mån-fre 8.30 - 20.00 lör-sön 9.30 - 18.00 |
| United Kingdom | 020 3347 0044 | National call rate | 9 till 21. Weekdays |
| Србија | +381 11 7 555 444 (ако позивате изван Србије) 011 7 555 444 (ако позивате из Србије) | Цена позива у националном саобраћају | Понедељак - субота: 09 - 20 Недеља: 09 - 18 |
| Eesti, Latvija, Україна | | www.ikea.com | |

